

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2023
Tilvísun: 2023020405/Í.B.G.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs (hlutverk samskiptaráðgjafa, öflun upplýsinga o.fl.).

1.

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 23. febrúar 2023 um umsögn um frumvarp til laga um íþróttá- og æskulýðsstarf (hlutverk samskiptaráðgjafa, öflun upplýsinga o.fl.) (þskj. 931, 597. mál á 153. löggjafarþingi). Persónuvernd hefur áður veitt umsögn um málið, dags. 31. maí 2022, þegar það var lagt fram á 152. löggjafarþingi (þskj. 822, 581. mál), en náði ekki fram að ganga. Var frumvarpsdrögum breytt að einhverju leyti í kjölfar athugasemda Persónuverndar og er nú endurflutt.

Í þeim frumvarpsdrögum sem nú liggja fyrir verður hins vegar ekki séð að lítið hafi verið til athugasemda stofnunarinnar að öllu leyti, m.a. hvað varðar skilyrði fyrir heimild til miðlunar upplýsinga og aðkomu hins skráða. Umsögn þessari er því atlað að vera til áréttingar fyrri umsögn og þeim almennu sjónarmiðum sem stofnunin telur þurfa að líta til.

2.

Heimild til miðlunar persónuupplýsinga

Í umsögn Persónuverndar, dags. 31. maí 2022 voru gerðar athugasemdir varðandi heimild til miðlunar persónuupplýsinga, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins, og var það mat stofnunarinnar að heimildin væri of víðtæk og án frekari afmörkunar auk þess sem tilgangur slíkrar miðlunar var talinn vera óskýr.

Það er mat Persónuverndar að þrátt fyrir að bætt hafi verið að hluta úr þeim annmörkum sem stofnunin taldi vera á ákvæðinu, svo sem með því að tiltaka þær tegundir persónuupplýsinga sem vinnslan tekur til, þá skorti enn á skýrleika og afmörkun í ákvæðinu.

Ljóst er að mikill fjöldi aðila getur fallið undir heimild 2. mgr. ákvæðisins til miðlunar, en um gildissvið laga nr. 45/2019 segir í 1. gr. að starfssvið samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs nái til skipulagðrar starfsemi eða starfsemi í tengslum við hana á vegum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, æskulýðssamtaka sem starfi á grundvelli æskulýðslaga og aðila sem geri samning við það ráðuneyti sem fari með íþróttá- og æskulýðsmál um rekstrarframlag vegna sambærilegrar starfsemi. Að mati stofnunarinnar þarf að skýra betur til hverra samskiptaráðgjafi má



miðla persónuupplýsingum og tilgang þeirrar miðlunar. Ein af meginreglum laga um vinnslu persónuupplýsinga kveður á um að við slíka vinnslu skuli tryggja að persónuupplýsingar séu fengnar í skýrt tilgreindum tilgangi. Það er að mati stofnunarinnar ekki nægjanlegt að tiltekið sé í ákvæðinu að samskiptaráðgjafa sé heimilt að því marki sem nauðsynlegt er fyrir framkvæmd laganna að miðla upplýsingum til þeirra aðila sem falla undir gildissvið þeirra heldur þarf að skýra og afmarka umrædda heimild betur.

Persónuvernd gerir athugasemdir við það hversu víðtæk heimild samskiptaráðgjafa er til miðlunar persónuupplýsinga án skýrari afmörkunar. Framangreinda athugasemd ber jafnframt að skoða í samhengi við kafla 3 hér á eftir.

3.

Aðkoma hins skráða að vinnslu persónuupplýsinga

Í fyrrnefndri umsögn Persónuverndar, dags. 31. maí 2022, gerði Persónuvernd athugasemdir við að ekki væri gert ráð fyrir aðkomu hins skráða að miðlun persónuupplýsinga um hann, svo sem með umbodi eða staðfestingu hans, og að ekki væri tiltekið til hvaða aðila mætti miðla persónuupplýsingum og í hvaða tilgangi.

Persónuvernd gerir athugasemd við að enn sé ekki tilgreint hvernig aðkomu hins skráða að vinnslu og miðlun persónuupplýsinga um hann skuli háttáð. Þær aðstæður geta komið upp að æskilegt sé að fyrir liggi umbod eða beiðni frá hinum skráða fyrir vinnslu persónuupplýsinga um hann þó svo að ekki sé um eiginlegt samþykki að ræða, einkum ef vinnslan getur haft íþyngjandi réttaráhrif eða tekur til viðkvæmra einkalífshagsmuna hins skráða.

Persónuvernd vill því ítreka að í frumvarpinu er hvorki gert ráð fyrir því að hinn skráði hafi aðkomu að því hvaða upplýsinga miðlunin taki til né er það tilgreint til hvaða aðila þeim skuli miðlað og í hvaða tilgangi. Stofnunin áréttar þá grunnkröfu 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 að vinnsla persónuupplýsinga skuli vera gagnsæ gagnvart hinum skráða.

4.

Þagnarskylda samskiptaráðgjafa

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu samskiptaráðgjafa hefur verið breytt frá því frumvarpið var síðast lagt fram. Segir nú að samskiptaráðgjafi sé bundinn þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga en áður var kveðið á um að þagnarskylda samskiptaráðgjafa gengi framar upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum.

Bent er á að ósamræmi er nú á ákvæðinu í frumvarpinu og umfjöllun um það í greinargerð en í greinargerð með frumvarpinu segir enn að lagt sé til að kveðið verði á um að þagnarskylda samskiptaráðgjafa gangi framar upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum.

Persónuvernd bendir á að þrátt fyrir að samskiptaráðgjafi sé bundinn þagnarskyldu samkvæmt stjórnsýslulögum girðir það ekki fyrir að hinir skráðu, bæði þeir sem leita til samskiptaráðgjafa og einnig þeir aðilar sem ásakanir eða athugasemdir beinast að, geti átt rétt rétt til upplýsinga, hvort heldur sem er á grundvelli upplýsingalaga, stjórnsýslulaga eða persónuverndarlaga.





5. Almennar athugasemdir

Að lokum vill Persónuvernd áréttta mikilvægi þess að við framangreinda vinnslu persónuupplýsinga verði gætt að meginreglum slíkrar vinnslu, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Sérstaklega er mikilvægt að huga að þeim meginreglum að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða sem og að slíkar upplýsingar séu fengnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi. Ennfremur ber að tryggja að slík vinnsla sé ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang hennar.

EKKI eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins að svo stöddu. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Steinunn Birna Magnúsdóttir


Helga Sigríður Þórhallsdóttir

